

29. janúar, 2023

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna erfiðrar fjárhagsstöðu Háskóla Íslands

Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir enn á ný yfir þungum áhyggjum af fjárhagsstöðu Háskóla Íslands, en í [fréttáflutningi](#) hefur komið fram að allt að milljarð vanti upp á til þess að Háskóli Íslands nái endum saman fyrir komandi ár. Ljóst er að vöntun á fjármagni hefur mikil áhrif á grunnstarfsemi skólans, en háskólaráð hefur samþykkt [aðhaldsaðgerðir](#) vegna stöðunnar sem fela m.a. í sér niðurskurð í kennslu og stöðvun á ráðningum. Þessu til viðbótar er enn meiri niðurskurður boðaður í fjármálaáætlun fyrir árið 2024.

Þetta er þung staða og þróun í þveröfuga átt við það sem fram kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, um að stefna að sambærilegri fjármögnun háskóla á Íslandi og þekkest á hinum Norðurlöndunum. Stúdentaráð hefur um [árabil](#) vakið athygli undirfjármögnun háskólans og afleiðingum hennar, nú síðast í [umsögn við fjárlög 2023](#). Þá hefur forseti Stúdentaráðs ítrekað vakið máls á alvarleika stöðunnar við ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar og þeirri staðreynd að fjárveiting til háskólastigsins samræmist ekki þeim áherslum eða markmiðum sem stefnt er að í nýju ráðuneyti háskólamála. Það skýtur skökku við að á sama tíma og kallað er eftir fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum er halli Heilbrigðisvísindasviðs 240 milljónir og sett eru fram markmið um aukið námsframboð í STEAM greinum á sama tíma og Verkfræði- og náttúruvísindasvið hefur þurft að draga verulega úr kennslu vegna fjárskorts.

Háskóli Íslands sinnir þýðingarmiklu hlutverki í íslensku samfélagi og er meðal fremstu háskóla heims, en staðreyndin er sú að vegna skorts á fullnægjandi fjármögnun til að sinna rannsóknum og kennslu hefur skólinn fallið á alþjóðlegum matslistum. Bregðast þarf tafarlaust við og hlúa að grunnstoðum menntakerfisins til að styrkja það til framtíðar. Stúdentaráð tekur undir með háskólaráði og hvetur stjórnvöld til að hraða endurskoðun á reiknilíkani háskóla þannig að fjármögnun til opinberrar háskólamenntunar samræmist samanburðarlöndunum. Tryggja þarf rekstrargrundvöll skólanna og draga úr sveiflum í fjárveitingum með því að auka hlutfall fastrar fjármögnunar og annarrar fjárveitingar sem er ekki jafn breytileg og núverandi þættir reiknilíkansins. Vanda þarf til verka við sköpun hvata fyrir háskólanna þannig að þeir hvatar sem innbyggðir verða í fjárveitingar þjóni samféluginu í heild sinni og stuðli sannarlega að auknum gæðum náms og rannsókna.

Stúdentaráð krefst þess að stjórnvöld standi við lögbundna skyldu sína og stórauki fjárframlög til opinberrar háskólamenntunar. Það skiptir sköpum fyrir íslenskt samfélag, eflir lífskjör, verðmætasköpun og samkeppnishæfni menntakerfisins auk samfélagsins á alþjóðavettvangi.